

Verkefni á vegum Nemendafélags Glerárskóla veturinn 2023-2024

Rósaball 19. október

Á árlegu Rósaballi heimsækja nemendur í 10. bekk, nemendur í 8. bekk, færa hverjum og einum þeirra rós og bjóða þá þannig formlega velkomna á unglingastig Glerárskóla.

Ballið hefst kl. 20:30 Aðgangseyrir er kr. 1.000 og nemendur annarra grunnskóla bæjarins eru hjartanlega velkomnir

DJ. sér um fjörið – sjoppa verður opin.

Ballinu lýkur klukkan 23:30.

Bleikur föstudagur 20. október



Á Bleika föstudeginum eru nemendur og starfsfólk beðið um að til **sýna lit**, bera bleiku slaufuna, klæðast bleiku og lýsa skammdegið upp í bleikum ljóma svo allar konur sem greinst hafa með krabbamein finni stuðning okkar og samstöðu.

Nemendur ganga í bekki og hvetja samnemendur og starfsfólk og mæta í bleikri flík þennan dag.



Búningadagur 31. október

Þriðjudaginn 31. október, á sjálfri hrekkjavökunni, efnir nemendafélagið til búningadaga í Glerárskóla. Þá eru allir hvattir til að mæta í búningum í skólann, bæði nemendur og starfsfólk.



Hrekkjavökuball 9. nóvember



Nemendur skreyta danssalinn með „hryllilegum skreytingum“ og bjóða upp á:

Ball fyrir 1. til 4. bekk frá klukkan 17:00 til 18:15

Ball fyrir nemendur í 5. til 7. bekkur frá 18:30 til 20:00

Þessi viðburður er eingöngu fyrir nemendur Glerárskóla.

19. desember – Jólafata og- húfu dagur




Óskað er eftir því að nemendur og starfsfólk mæti í jólalegum fötum þann 19. desember. Þá er tilvalið að skella sér í jólasokka, jólapeysu og smella jafnvel jólasveinahúfu á kollinn.

Íþróttatreyjudagur 30. janúar

Mörg okkar eiga íþróttatreyjur og við ætlum öll að mæta í þeim í skólann þriðjudaginn 30. Janúar, hvort sem um er að ræða treyju liðsins sem við æfum með eða liðsins sem við höldum með hérlandis eða erlendis.



Náttfatadagur 22. febrúar



Það verður ef til óparfi að klæða sig fimmtudagsmorguninn 22. febrúar. Þá er nefnilega náttfatadagur í Glerárskóla og allir eru hvattir til að mæta í náttfötum, nemendur og starfsfólk.

Skræpóttir sokkar 21. mars

Alþjóðlegi Downs-dagurinn er fimmtudaginn 21. mars. Við tökum öll þátt í honum og mætum í sérlega litríkum sokkum þann dag. Þeir þurfa ekkert endileg að vera í samstæðir.



BLÁR APRÍL

12. apríl – Blár dagur

Aprílmánuður er einstakur. Hann er mánuður einhverfunnar og við sýnum samstöðu í verki með því að koma bláklædd í skólann föstudaginn 12. apríl.

Hattadagur 17. maí

Föstudaginn 17. maí efnir nemendafélag Glerárskóla til hattadags. Þá er þess óskað að nemendur og starfsfólk komi með hatt í skólann, því hattar gera lífið skemmtilegra.

